

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21
105 Reykjavík
uua@uua.is

Reykjavík, 13. október 2025

Efni: Ósk um álit á leyfisskyldu vegna tímabundinnar styrkingar jarðvegsstíflu við Andakílsárvirkjun

Með erindi þessu óska Orka náttúrunnar ohf. (ON) og Orkuveita Reykjavíkur (Orkuveitan) eftir því að úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála veiti álit sitt á því hvort fyrirhugaðar framkvæmdir við tímabundna styrkingu stíflumannvirkja við Andakílsárvirkjun séu leyfisskyldar samkvæmt lögum um mannvirki nr. 160/2010 eða skipulagslögum nr. 123/2010. Nánar tiltekið er þess óskað að nefndin úrskurði, með vísan til 4. mgr. 9. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki og 8. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, hvort lög áskilji að byggingarleyfi eða framkvæmdaleyfi þurfi að liggja fyrir áður en til framkvæmdanna kemur. Hinum fyrirhuguðu framkvæmdum er lýst hér á eftir auk þess sem nánari upplýsingar eru veittar.

Beiðni þessi er sett fram sameiginlega af hálfu ON og Orkuveitunnar. ON á og rekur Andakílsárvirkjun og ber ábyrgð á að starfsemi hennar uppfylli öll viðeigandi lög þ.m.t. að hún samræmist öllum þeim kröfum sem gerðar eru til öryggis bæði umhverfis, rekstrar og mannfólks. Orkuveitan hins vegar er landeigandi þeirra landareigna sem virkjunin er rekin á og leigir þær til ON. Virkjunin er staðsett á mörkum sveitarfélaganna Borgarbyggðar og Skorradalshrepps en framkvæmdin, sem hér um ræðir, sem felst í tímabundinni styrkingu jarðvegsstíflu yrði einungis innan Skorradalshrepps.

Andakílsárvirkjun var gangsett árið 1947 og hefur því verið starfrækt í 78 ár. Frá því hún var reist hefur aðeins einu sinni verið farið í viðhaldsframkvæmdir sem hafa haft það að markmiði að styrkja stíflumannvirkin. Sú framkvæmd átti sér stað árið 1974 þegar mannvirkin voru jafnframt stækkuð. Rannsóknir ON og athuganir með aðkomu ráðgjafa fyrirtækisins hafa sýnt að nú, um fimmtíu árum síðar, er viðhaldið orðið tímabært. Nú þurfi að styrkja mannvirkin þannig að umhverfi, öðrum mannvirkjum og fólki stafi ekki hættu af þeirri starfsemi sem þau nýta til. ON hefur því um skeið undirbúið framkvæmdir við virkjunina vegna nauðsynlegs viðhalds á stíflumannvirkjum og lóni sem hafa það að markmiði að treysta mannvirkin þannig að þau standist nútíma rekstrar- og öryggiskröfur næstu áratugi. Í viðhalds- og endurbótaframkvæmdinni á meðal annars að styrkja steypu stíflumannvirkin, endurgera núverandi jarðvegsstíflu og moka uppsöfnuðu seti úr

inntakslóni virkjunarinnar. Fyrir liggur álit Skipulagsstofnunar á þeirri framkvæmd um að hún sé ekki líkleg til að hafa með sér umtalsverð umhverfisáhrif (sjá fskj. 1).

Áður en til framangreindra framkvæmda getur komið þarf að huga að undirbúningi þeirra en eitt af því sem þarf að ráðast í áður, er **tímabundin styrkingu núverandi jarðvegsstíflu við inntakslón Andakílsárvirkjunar en til stendur að nýta til þess stórgrýti**. Ástæða þess er sú að umrædd jarðvegsstífla rofnaði í miklu flóði í febrúar 1991 og var hún ekki endurbyggð samkvæmt stöðlum og uppfyllir því ekki þær nútíma kröfur sem í dag eru gerðar til slíkra mannvirkja. Uppbygging hennar er óljós, ólíklegt er að hún hafi réttan innri kjarna sem veldur leka í gegnum stífluna auk þess sem hún er of lágreist. Líkur eru á að hún geti brostið í svokölluðu innra rofi við ákveðin veður- og flóðaskilyrði (Sjá fskj. 2). Upplýsingar um ástand hennar voru ON ekki ljósar fyrr en nýverið í tengslum við undirbúning viðhalds- og endurbótaframkvæmda og í ljósi ástands hennar er brýnt að ON komist í að styrkja hana sem fyrst, þ.e. áður en kemur til viðhalds- og endurbótaframkvæmdanna. Ástæða þess er að viðhalds- og endurbótaframkvæmdin er mun viðameiri og er einungis hægt að hefja verkið að vorlagi á meðan styrking á núverandi jarðstíflu er hægt að gera nánast hvenær sem er. Ástand stíflunnar er óþekkt og sjáanlegur leki er í gegnum hana og með styrkingunni, sem einungis yrði viðhöfð þar til að hægt væri að endurbyggja jarðvegsstífluna í viðhalds- og endurbótaframkvæmdunum, væri tryggt að stíflan myndi ekki rofna á meðan beðið væri eftir því að komast í að endurbyggja hana.

Um er að ræða afturkræfa framkvæmd og hefur hún það markmið að tryggja að núverandi jarðvegsstífla standist álag t.d. í hamfaraflóði fram að því að varanlegar viðhaldsframkvæmdir verða framkvæmdar á næstu árum þegar öll tilskilin leyfi hafa fengist. Í hinni tímabundnu og afturkræfa framkvæmd er t.d. ráðgert að lagera hluta þess stórgrýtis sem síðar verður notað í hinni endanlegu viðhalds- og endurbótaframkvæmd, og setja það að hluta fyrir aftan núverandi jarðvegsstíflu. Nánar tiltekið felst í þessu eftirfarandi: að flytja 2500 m³ af grjóti eftir aðkomuvegi sem liggur að stíflumannvirkjunum vestan megin og raða því upp loftmegin við núverandi stíflu, og þannig styrkja hana tímabundið þar til ný stífla tekur við hlutverki hennar. Gróðurþekja og lífrænt efni verður fjarlægð áður en að grjótið verður lagt niður. Reiknað er með að efninu verði hlaðið í sömu hæð og núverandi stífla eða um 59 m.y.s. Áætlað er að verkið taki um 1 mánuði í framkvæmd (fskj. 3).

Það er mat ON að þessi tímabundna og afturkræfa styrking sem felst í styrkingu jarðvegsstíflu sé ekki framkvæmdaleyfis skyld. Hins vegar hefur ON átt í samskiptum við leyfisveitendur um hana og óskaði eftir leyfi frá Skorradalshrepp. Slíkt var gert þrátt fyrir að ON teldi að hin tímabundna og afturkræfa framkvæmd væri ekki leyfis skyld. Var þess þó óskað að sveitarfélagið gæfi út leyfi þar sem þetta væri liður í að halda því upplýstu og í ljósi þess að þetta væri undanfari hinnar stærri varanlegu framkvæmdar. Skorradalshreppur vísaði umsókninni upphaflega frá á grundvelli þess að leyfi landeiganda lá ekki fyrir, virkjanaleyfi lægi ekki fyrir og að gögn væru ekki samræmi við reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Málið var svo síðar tekið upp að nýju á grundvelli krafna frá ON með vísan í rannsóknar- og leiðbeiningarskyldu stjórnvalds. Þrátt fyrir nokkra ára samskipti hefur Skorradalshreppur ekki enn gefið út leyfi og m.a. á þeim grundvelli að ekki liggi fyrir virkjanaleyfi og að ekki liggi fyrir með óbyggjandi hætti hver sé eigandi þess lands sem framkvæmdir komi til með að vera á (fskj. 4, 5, og 6). Á meðan það sé óútkljáð verði ekki gefið út leyfi. Á sama tíma hefur ON reynt að útkljá slíkt með landeigendum aðliggjandi landareigna en án árangurs og hafa þau ekki verið reiðbúin að veita

skilyrt leyfi með fyrirvara um réttmæti eignarhalds. Eftir tveggja ára samtal hefur ON óskað eftir að sýslumaður taki mál tengt landamerkjum í sáttameðferð samkvæmt ákvæðum I. kafla A. laga nr. 6/2001 og V. kafla reglugerðar nr. 160/2024 um merki fasteigna (fskj. 7).

ON telur að álit úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála geti skýrt málið og auðveldað öllum hlutaðeigandi aðilum afgreiðslu þess. Aðallega þarf að svara því hvort framkvæmdin, tímabundin og afturkræf, sé háð framkvæmdaleyfi eða byggingarleyfi. Einnig hvort ON þurfi að afla annarra leyfa áður en til framkvæmda kemur. Að auki óskar ON leiðsagnar nefndarinnar um önnur atriði sem kunna að skipta máli áður en hafist verður handa við hina fyrirhuguðu framkvæmd, þar með talið en ekki eingöngu, hverjir séu leyfisveitendur, hvort afla þurfi annarra leyfa, t.d. samkvæmt öðrum sérlögum og eða hvort þörf sé á frekara samráði við stjórnvöld áður en ráðist verður í framkvæmdina.

Með erindi þessu óskar ON álits úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála hvort tímabundin og afturkræf framkvæmd við styrkingu jarðvegsstíflu Andakílsárvirkjunar sé leyfisskyld. Umrædd framkvæmd hefur það að markmiði að tryggja öryggi stíflunnar fram að varanlegum endurbótum sem eru nauðsynlegar á komandi árum og eru í undirbúningi. Undirrituð og sérfræðingar ON veita fúslega allar nánari upplýsingar verði þeirra óskað.

Virðingarfyllst,



Íris Lind Sæmundsdóttir
Lögmaður